

AUGLÝSING

um niðurlagningu Frímerkja- og póstsögusjóðs.

Frímerkja- og póstsögusjóður, kt. 531197-2839, er hér með lagður niður. Uppgjör fjármuna við niðurlagningu sjóðsins fer samkvæmt skilagrein, dagsettri 11. desember 2019, og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 453/2001 um Frímerkja- og póstsögusjóð, dagsettar 18. maí 2001.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 17. desember 2019.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.

SKILAGREIN

Frímerkja- og póstsögusjóðs.

Við niðurlagningu Frímerkja- og póstsögusjóðs, kt. 531197-2839, sem starfað hefur samkvæmt reglum nr. 453/2001, skal uppgjör fjármuna sjóðsins vera samkvæmt eftirfarandi:

Aðili	Framlag, kr.
1. Landsamband íslenskra frímerkjasafnara	20.000.000
2. Þjóðskjalasafn Íslands	9.186.159
3. Þjóðminjasafn Íslands	9.186.159
4. Samgöngusafnið að Skógum	9.186.159
Samtals	47.558.476

Reykjavík, 11. desember 2019.

Arnheiður Ingjaldsdóttir,
formaður stjórnar Frímerkja- og póstsögusjóðs.